

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna stækkunar
frístundabyggðar F3, svæði við Hlíðarenda.

Skipulagsstofnun staðfesti 27. apríl 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 7. mars 2023.

Í breytingunni felst að frístundabyggð F3, svæði við Hlíðarenda, er stækkað um 3 ha til suðvesturs á kostnað skógræktar- og landgræðslusvæðis SL7. Á stækkuðu svæði er gert ráð fyrir nærþjónustu sem tengist frístundahúsunum.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 27. apríl 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 12. maí 2023